

EFTIRLITSSKÝRSLA

PCC BakkiSilicon hf. Bakki, Norðurþing



Dags eftirlits	6.9.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	PCC BakkiSilicon hf.	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Bakkavegur 2	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	4500612-0140	Flokkur	Kísilverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Erlingur E. Jónasson	ÍSAT nr.	09.90.0
Fulltrúi fyrirtækis	Elma Sif Einarsdóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í seinna reglubundna eftirlit með PCCBakkiSilicon. Fram kom eitt frávik frá starfsleyfi.

UMFANG EFTIRLITS

Byrjað var á samráðsfundi með rekstraraðila og Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra þar sem m.a. var yfir rekstur mengunarvarna og niðurstöður mengunarmælinga. Eftir samráðsfund var farið yfir gengi reksturs frá því hann hófst í maí sl. Eftir að gangsett var aftur þann 23. júlí sl. eftir bruna sem átti sér stað þann 9. júlí hefur álag á ofni verið að mestu stöðugt og fá atvik komið upp. Gangsetning ofns nr. 2 var hafin og fór fyrsta hráefni inn á ofninn sama dag og eftirlit fór fram. Nokkur atvik hafa komið upp þar sem sjáanlegur reykur er frá verksmiðjunni og hefur rekstraraðili sent tilkynningu til Umhverfisstofnunar varðandi þau.

Frávik er varðar takmörkun aðgengis er í farvegi og er ráðgert að uppsetning á bómuhliði verði búin þann 21. september nk.

Rætt var um skipulagningu að næsta samráðsfundi og opins kynningarfundar en stefnt er að því að hafa samráðsfund og eftirlit í apríl á næsta ári og opinn kynningarfund í byrjun maí.

Farið var yfir förgun á ónýtanlegum aukaafurðum skv. gr. 3.15 í starfsleyfi. Búið er að farga um 90 tonnum og er ráðgert að annað eins sé nú til staðar á verksmiðjulóðinni. Í lok fundar var farið yfir mælingar skv. mæliáætlun og framkvæmd þeirra.

Farið var í skoðunarferð um svæðið og byrjað á ofnhúsi. Farið var að ofni 2 sem verið var að gangsetja og þar næst inn í stjórnhús ofnanna. Símaælingar á ryki í útblæstri eftir reykheinsivirki voru skoðaðar og var meðaltal mæligilda vel innan marka. Farið var næst að geymslusvæði úrgangs en þar var tunna með úrgangsolíu án lekabyttu. Að lokum var geymslusvæði fyrir slaggt skoðað.

Frávik frá

Grein 2.4

Lýsing á fráviki

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Úrgangsolía var geymd á geymslusvæði úrgangs án lekavarna.

ANNAÐ

Viðstaddur samráðsfund og eftirlit var Þorkell Björnsson frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra.

Í gr. 3.3 í starfsleyfi er gerð krafa um að geyma skuli aukaafurðir í vel lokuðu geymslurými. Gjall, sem staðist hefur útskolunarpróf stóð á óbundnu slitlagi og hefur sú geymsluaðferð verið samþykkt af Umhverfisstofnun. Sækja þarf um breytingu á starfsleyfi til samræmis. Stofnuninni barst erindi að eftirliti loknu.

Umhverfisstofnun fékk tilkynningu frá rekstraraðila þann 26. september sl. um að uppsetning bómuhliðs væri lokið og rafræn aðgangsstýring væri hafin.

Tekið var mið af greinargerð PCC vegna tilvika þar sem opna hefur þurft neyðarskorsteina og sjáanlegur reykur komið frá ofnhúsi. Reikningar vegna atviks þann 22. ágúst þar sem opnun var í 15 mínútur sýndu fram á að

hámarkslosun var innan losunarmarka skv. gr. 3.6 í starfsleyfi sem er 20 mg/Nm³ (daglegt meðalgildi). Frá 1. júlí 2020 breytast mörkin í 5 mg/Nm³ en þó verður heimilt að fara yfir þau mörk í allt að 5% af rekstrartíma og gilda þá mörkin 20 mg/Nm³.

Reykjavík, 18.10.2018

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Einar Halldórsson